



Þekkingarnet  
Þingeyinga

# SJÁLFBÆRNIVERKEFNIÐ

---

á Norðausturlandi  
Verkefnisáætlun 2018

---



---

Desember 2017

Desember 2017

Þekkingarnet Þingeyinga

*Forsíðumyndir (frá vinstri):*

Húsavíkurhöfn Mynd: Sigfús Sigfússon

*Ábyrgð/ritstjórn:*

*Óli Halldórsson*

*Framkvæmd:*

*Helena Eydís Ingólfsdóttir*

*Óli Halldórsson*

Útgáfa 1.o. 14. desember 2017

# EFNISYFIRLIT

<b>EFNISYFIRLIT</b> .....	<b>2</b>
<b>1 SJÁLFBÆRNIVERKEFNIÐ Á NORÐAUSTURLANDI</b> .....	<b>3</b>
<b>2 VERKÞÆTTIR</b> .....	<b>4</b>
2.1 FORSENDUR.....	4
2.2 STÝRIHÓPSFUNDIR.....	4
2.3 ÁRSFUNDUR VERKEFNISINS .....	5
2.4 VÖKTUN.....	5
2.5 VEFSÍÐA.....	6
2.6 KYNNING Á VERKEFNI.....	7
2.7 AÐKEYPT ÞJÓNUSTA.....	8
2.8 ÁFANGAR – STAÐA VERKÞÁTTA .....	8
2.9 ALMENN UMSÝSLA OG STJÓRNUN.....	8
<b>3 TÍMAÁÆTLUN</b> .....	<b>9</b>
<b>4 UMFANG OG KOSTNAÐUR</b> .....	<b>9</b>
4.1 FORSENDUR.....	9
<b>5 SAMANTEKT</b> .....	<b>11</b>

## 1 SJÁLFBÆRNIVERKEFNIÐ Á NORÐAUSTURLANDI

Hér á eftir birtist tillaga Þekkingarnetsins að verkefnisáætlun Sjálfbærni-verkefnisins á Norðausturlandi frá **1. janúar til 31. desember 2018** ásamt áætluðum kostnaði vegna reksturs verkefnisins á tímabilinu.

Í áætluninni eru eftirfarandi:

- a. Verkbættir
- b. Tímaáætlun
- c. Umfang og kostnaður
- d. Samantekt

Af þeim sem eiga aðild að verkefninu og hafa tilnefnt fulltrúa í stýrihóp þá hefur Landsvirkjun verið eini eigandi verkefnisins en frá upphafi hefur staðið til að fjölga eigendum. Unnið hefur verið að því á undanförunum misserum og hefur Landsvirkjun nú gert samkomulag við Landsnet um aðkomu þeirra að verkefninu. Slíku samkomulagi er ætlað að formgera vettvang eigenda verkefnisins sem munu sjá um rekstur þess á vöktunartíma. Auk fulltrúa eigenda í stýrihópi verkefnisins hafa sveitarfélögin Norðurþing, Þingeyjarsveit og Skútustaðahreppur tilnefnt fulltrúa, ferðaþjónustuaðilar á Norðausturlandi og Rannsóknastofnun Háskólans á Akureyri.

Þekkingarnet Þingeyinga sem farið hefur með verkefnisstjórn hefur myndað teymi innan Þekkingarnetsins sem unnið hefur að framgangi verkefnisins. Teymið er skipað Helenu Eydísi Ingólfssdóttur, sem starfar sem verkefnisstjóri hjá Þekkingarneti Þingeyinga (ÞÞ) og hefur verið í hlutverki verkefnisstjóra Sjálfbærni-verkefnisins, Óli Halldórsson, forstöðumaður Þekkingarnets Þingeyinga og Gréta Bergrún Jóhannsdóttir, verkefnisstjóri hjá Þekkingarneti Þingeyinga.

Næstu skref verkefnisins byggja á þeirri vinnu sem unnin var á liðnu ári. Heimasíða verkefnisins hefur verið mótuð og fyrstu gögn færð þar inn. Vísar verkefnisins, sem eru kjarni þess, eru afurð víðtækrar samvinnu og samráðs við almenning og hagsmunaaðila á áhrifsvæði verkefnisins. Megin þungi vinnunnar á komandi ári mun tengjast gagnaöflun vegna vísanna, úrvinnslu og birtingu gagna tengdum þeim. Vísarnir eru 20 talsins og skiptast nokkuð jafnt á milli þriggja stöða sjálfbærni, samfélags, umhverfis og efnahags. Upplýsingarnar sem vöktunin skilar á því að endurspeglar þá þætti sem verkefninu er ætlað fylgjast með á megin áhrifsvæði þess. Að auki mun þurfa að kynna verkefnið bæði heima í héraði og utan þess þannig að aðrir geti haft sem mest gagn af verkefninu.


## 2 VERKÞÆTTIR

### 2.1 FORSENDUR

Forsendur áframhaldandi vinnu við Sjálfbærni-verkefnið á Norðausturlandi eru eftirfarandi:

- Gagnasöfnun og vöktun á þeim vísnum sem ákveðnir hafa verið í verkefninu.
- Heimasíða verkefnisins og birting gagna á henni.
- Kynning á verkefninu heima í héraði og utan þess.
- Frekari þróun verkefnisins svo gagnsemi þess megi verða sem mest.
- Stýrihópsfundir og fyrsti ársfundur verkefnisins.

Framundan er vinna við vöktun þeirra vísa sem mótaðir og ákveðnir hafa verið af stýrihópi verkefnisins og verkefnisstjórn. Vísarnir krefjast mismunandi vöktunar. Sumir vísar krefjast sérkeyrslu gagna og þarf þá að kaupa hana af viðeigandi aðilum, en áætlaðar tölur má finna í kostnaðaráætlun. Aðrir vísar krefjast gagnasöfnunar af hendi verkefnisstjóra og starfsfólks sem sinnir verkefninu frá hendi þP. Þessar upplýsingar eru færðar jafnóðum inn á heimasíðu og þær eru tilbúnar.



Mynd 1. Verkefni 1. janúar-31. desember 2018.

Í verkefnisáætlun 2018 eru skilgreindir eftirfarandi verkefni: Stýrihópsfundur, ársfundur, vöktun, vefsíða verkefnis, kynning, aðkeypt þjónusta, áfangaskil og almenn umsýsla og stjórnun. Verkefni eru nánar skilgreindir hér á eftir það er hvað þeir innihalda og hvernig er áformað að vinna að þeim.

### 2.2 STÝRIHÓPSFUNDIR

Stýrihópur verkefnisins hefur gegnt lykilhlutverki við ákvarðanatöku frá því vinna hófst aftur við verkefnið árið 2014. Gildir þá einu hvort um hefur verið að ræða vísa, þá þætti sem þeim er ætlað að mæla, eða ferlið sem unnið hefur verið eftir við mótun vísanna. Gert er ráð fyrir að hlutverk stýrihóps verði áfram veigamikla, að stýrihópurinn muni fylgjast með birtingu gagna og gera tillögur að breytingum og framþróun verkefnisins. Stýrihópurinn mun geta

haft áhrif á framsetningu gagnanna á vefsíðu, vöktun gagna eða hvað annað sem upp kann að koma og hefur áhrif á framvindu verkefnisins.

Á árinu 2018 er gert ráð fyrir tveimur stýrihópsfundum, fyrri fundinum í mars og þeim síðari í nóvember. Efni þeirra mun liggja fyrir í byrjun árs 2018. En fyrstu drög að dagskrá gera ráð fyrir yfirferð á framvindu og stöðu verkefnisins. Þá verða fundarstaðirnir annars vegar Þingeyjarsveit og hins vegar Skútustaðahreppur.

*Stýrihópsfundur í mars – Fundarstaður: Þingeyjarsveit*

Yfirferð á framgangi og stöðu verkefnis.

*Stýrihópsfundur í nóvember – Fundarstaður: Skútustaðahreppur*

Yfirferð á framgangi og stöðu verkefnis.

Tillögur að verkefnis- og kostnaðaráætlun ársins 2019.

Til fundanna verður boðað með mánaðar fyrirvara. Lögð verður áhersla á að ná þátttöku allra fulltrúa sem tilnefndir eru í stýrihópinn.

Stýrihópsfundir fara alltaf fram á miðsvæði þ.e. megin áhrifasvæði verkefnisins og til skiptis innan sveitarfélaganna þriggja sem eiga aðild að verkefninu.

## 2.3 ÁRSFUNDUR VERKEFNISINS

Eitt af því sem getur vakið athygli og áhuga almennings, atvinnulífs og fræðasamfélags er áhugaverður ársfundur. Lagt er til að haldinn verði ársfundur verkefnisins fyrri hluta maí mánuðar ár hvert. Til fundarins verðið meðal annars boðaðir sveitastjórnarfulltrúar, skólafólk, fólk úr atvinnulífinu, fólk úr fræðasamfélaginu og fólk úr faghópum verkefnisins.

Á fyrsta ársfundi er lagt til að þema fundarins snúi að gagnsemi verkefnisins og hagnýtu gildi þess fyrir einkaaðila og opinbera aðila.

Tillaga að dagskrá:

- Setning fundarins.
- Kynning á verkefninu.
- Hagnýtt gildi fyrir fræðasamfélagið (fyrirlesari úr fræðasamfélaginu).
- Kaffi.
- Hagnýtt gildi fyrir atvinnulífið (fyrirlesari úr atvinnulífinu).
- Umræður.

## 2.4 VÖKTUN

Vísar Sjálfbærni-verkefnisins á Norðausturlandi eru kjarni verkefnisins. Þeir gefa til kynna þá þætti sem ætlunin er að fylgjast með á miðsvæði og með hvaða hætti vöktun þeirra mun fara fram. Vísarnir voru samþykktir á árinu 2017. Þeir vísar sem nú liggja fyrir útheimta fæstir sérstakan aukakostnað við gagnaöflun. Í flestum tilfellum byggja vísarnir á opinberum gögnum sem liggja fyrir hjá opinberum stofnunum líkt og Hagstofu Íslands, Landlæknisembætti og Ríkislögreglustjóra. Nokkrir vísar eru þess eðlis að til að fá tölfræðilega marktæk gögn þarf að kaupa sérkeyrslu á gögnum.

Áætlaður hefur verið kostnaður við gagnakaup og kemur hann fram í kostnaðaráætlun fyrir 2018. Þá má gera ráð fyrir því að þessi kostnaður haldi sér, þ.e. að kaupa þurfi gögn á hverju ári í einhverjum tilfellum en sjaldnar eða allt að á 5 ára fresti í öðrum. Ekki er reiknað með sérstakri vinnu við kostnaðargreiningu vegna kaupa á gögnum á árinu 2018 nema að komi til breytingar á verkefninu, eignaraðild eða annað sem kann að kalla á endurskoðun á vísun.

Vöktun við vísa verkefnisins hófst árið 2017 og var gögnum safnað frá árinu 2011 þar sem því var við komið. Í einstöku tilfellum hefur reynst torvelt að safna gögnum svo langt aftur til að mynda vegna þess að utanumhald hefur verið með óskipulegum hætti eða að aðilar hafa ekki heimild til að sýsla með þjóðskrárgögn aftur í tímann. Þau gögn sem tókst að afla með fullnægjandi hætti verða birt þannig á vef verkefnisins og hin frá þeim tíma sem hægt var að fá þau.

Vöktun felur í sér að gagna er aflað hjá opinberum aðilum, unnið er úr þeim og gögnin sett fram með skýrum og aðgengilegum hætti. Þannig gefi þau sem skýrasta mynd af þróun mála og geti nýst til að mynda í skólastarfi á áhrifsvæði verkefnisins, fyrir almenning til upplýsingar og fyrir fræðimenn sem hluti af rannsóknum eða tilefni til ritunar fræðigreina. Þegar unnið hefur verið úr gögnunum og þau eru orðin hæf til birtinga eru þau gerð aðgengileg á vefsíðu verkefnisins.

Framsetning gagna er með þeim hætti sem lýst var í skema í verkefnisáætlun ársins 2017 og sem lýst er á vef verkefnisins við hvern og einn vísi. Gögn eru birt t.d. með myndritum og töflum. Stýrihópur mun gefa álit sitt á framsetningu og vinnslu gagnanna, og getur birting mótast eftir því. Myndrit eru almennt unninn í sérstakri viðbót, Highcharts, sem keypt var við vefsíðugrunninn. Highcharts einfaldar alla vinnslu myndrita svo um munar. Þegar nýrra gagna hefur verið aflað og unnið hefur verið úr þeim eru þau slegin inn í Highcharts viðbótinni í vefsíðugrunninum og myndritin uppfærast sjálfkrafa. Þessi viðbót útheimti umtalsverða vinnu í upphafi en sparar vinnu til lengri tíma.

Hafa ber í huga að ýmsir vísar eru vaktaðir sjaldnar en árlega og því ekki birtar jafn títt um þá nýjar upplýsingar. Dæmi um vísa sem vaktaðir verða árlega eru lýðfræðivísar en dæmi um vísi sem er vaktaður á nokkurra ára fresti er vísir um líðan skólabarna. Gögn vegna vöktunar verða birt jafnóðum og þau eru tilbúin og því ætti vefur verkefnisins að geta orðið mjög lifandi og virkur og vakið umtalsverðan áhuga á verkefninu.

## 2.5 VEFSÍÐA

Vefsíða Sjálfbærni- og Verkefnisins á Norðausturlandi var hönnuð og smíðuð á árinu 2017. Vefsíðan var hönnuð af Stefnu sem einnig er þjónustuaðili við síðuna og kemur að lagfæringum og umsýslu eftir því sem þarf. Vefslóðin er [www.gaumur.is](http://www.gaumur.is) en lénið [www.gaum.is](http://www.gaum.is) var einnig keypt og flytur notendur á vefinn.

Við hönnun vefsins var lagt upp með að hann væri notendavænn, að hægt væri að koma gögnum fram á skýran hátt og aðgengi að upplýsingum væri eins og best verður á kosið. Vefsíða verkefnisins er helsta verkfærið til að miðla upplýsingum um verkefnið og niðurstöður þess, og horft er til þess að þar sé hægt að fá yfirsýn yfir verkefnið í heild.

Á árinu 2018 mun vefurinn verða uppfærður með reglubundnum hætti. Vísar verkefnisins eru 20 og 38 mælikvarðar innan þeirra svo að jafnaði munu birtast ný gögn vegna vísanna aðra hverja viku en auk þess að uppfæra gagnasafn vegna vísanna þarf að uppfæra birtingaráætlun, setja inn fréttir og ýmsan fróðleik um sjálfbæra þróun eða vöktunarsvæðið.

Markmiðið er að vefur verkefnisins muni verða uppfærður að minnsta kosti vikulega ýmist með nýjum gögnum vegna vísa eða fréttum tengdum verkefninu, sjálfbærni eða vöktunarsvæðinu.

## 2.6 KYNNING Á VERKEFNI

Verkefni eins og Sjálfbærni-verkefnið á Norðausturlandi þar sem verið er að fylgjast með breytingum á samfélags-, umhverfis- og efnahagslegum þáttum felur í sér gríðarleg verðmæti fyrir íbúa, skóla, fyrirtæki og stofnanir bæði innan áhrifasvæðis og utan. Þau gögn sem verða til í verkefninu geta verið uppspretta ýmissa verkefna á öllum skólastigum, rannsókna og fræðigreina fyrir rannsakendur. Einnig geta þau beint sjónum að tækifærum fyrir einkaaðila til að mynda til nýbreytni í atvinnulífi. Þá geta opinberir aðilar nýtt verkefnið til að sjá hvar er þörf fyrir að bregðast við, bæta eða auka þjónustu, byggja upp innviði eða lagfæra eitthvað sem aflaga hefur farið.

Til að gögnin sem safnað er innan verkefnisins nýtist sem best á þennan hátt þurfa sem flestir að þekkja til verkefnisins og heimasækja vef þess reglulega til að afla sér upplýsingar og fróðleiks. Verkefnið þarf því að kynna vel á miðsvæðinu.

Í upphafi árs er áætlað að halda kynningar á verkefninu fyrir sveitarstjórnarfulltrúa og lykilstarfsmenn sveitarfélaga, fyrir háskólasamfélagið þ.e. starfsmönnum Háskólans á Akureyri og Rannsóknastofnunar Háskólans á Akureyri. Einnig verður verkefnið kynnt fyrir fulltrúaráðum Héraðsnefndar Þingeyinga og Eypings, sambönd sveitarfélaga í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum. Gert er ráð fyrir að kynningar fari fram í lok janúar eða í byrjun febrúar, annars vegar bréflaga og hinsvegar með stuttum kynningarfundum. Gert er ráð fyrir að verkefnið verði kynnt nýjum sveitarstjórnarfulltrúum á haustdögum en þá er einnig gert ráð fyrir að verkefnisstjóri heimsæki alla leik-, grunn- og framhaldsskóla á áhrifasvæðinu á og kynni verkefnið og notagildi þess í kennslu fyrir starfsfólki skólanna.



## 2.7 AÐKEYPT ÞJÓNUSTA

Utan vinnu verkefnisstjórnar er gert ráð fyrir aðkeyptri þjónustu vegna eftirfarandi þátta árinu 2018:

- Ferðir meðlima stýrihóps vegna stýrihópsfunda.
- Ferðir verkefnastjóra vegna kynninga og samstarfs.
- Kostnaður vegna vefsíðu, hýsing, rekstur og lén.
- Kaup á gögnum, sérvinnsla vegna megin áhrifasvæðis.

Aðkeypt þjónusta er útlistuð nánar í kostnaðaráætlun vegna kaupa á gögnum og í kostnaðaráætlun ársins.

## 2.8 ÁFANGAR – STAÐA VERKÞÁTTA

Tvisvar á árinu 2018 er gert ráð fyrir að verkefnisstjóri taki saman greingerð um stöðu verkefnisins. Annars vegar í júní og hinsvegar í desember. Greinargerðirnar munu innhalda upplýsingar um stöðu þeirra verkþátta sem tilgreindir eru í verkefnisáætlun fyrir árið 2018. Þá mun hún innihalda endurskoðaða áætlun ef þörf er á, til að mynda ef verkþættir breytast í meðförum stýrihóps eða af öðrum orsökum.

## 2.9 ALMENN UMSÝSLA OG STJÓRNUN

Almenn umsýsla felur í sér samskipti, samráð og samstarf við meðal annars stýrihóp, tengilið Landsvirkjunar og teymisvinnu meðal starfsmanna umsjónaraðila sem fer með verkefnisstjórn ásamt stjórnun og utanumhaldi með framgangi verkefnisins.

Gert er ráð fyrir reglubundnum samskiptum við tengilið Landsvirkjunar í gegnum tölvupóst og síma og mynd-/símafundi að minnsta kosti við skil á stöðu um miðbik ársins 2018 og í árslok 2018. Þá er gert ráð fyrir að innanhúss teymi umsjónaraðila hafi reglubundið samráð og samstarf sín á milli um framvindu og framgang verkefnisins.

### 3 TÍMAÁÆTLUN

Tímaáætlunin hér að neðan sýnir með hvaða hætti tíma verður varið í vinnu vegna verkefnisins og hvenær unnið er að hverjum verkþætti. Verkþættirnir og innihald þeirra ásamt því hvernig verður unnið að þeim hefur þegar verið líst hér að framan 2.1-2.9.

Tafla 1. Tímaáætlun vegna vinnu á árinu 2018

	Jan.	Feb.	Mars	Apríl	Mái	Júní	Júlí	Ág.	Sept.	Okt.	Nóv.	Des.
Stýrihópsfundir			10							10		
Ársfundur				7	7							
Vefsíða	12	12	12	12	12	12		12	12	12	12	12
Vöktun	41	41	41	41	40	40		40	40	40	40	40
Kynning á verkefni	10	10							15			
Almenn umsýsla og stjórnun	4	4	4	4	4	4	4	4	4	4	4	4
Áfangar: Staða verkþátta						20						20
Aðkeypt þjónusta*	21	11	25,4	10	10	10	10	10	20	15	10	10

\*Aðkeypt þjónusta er sett fram sem tímaeining.

### 4 UMFANG OG KOSTNAÐUR

#### 4.1 FORSENDUR

Forsendur fyrir umfangi og kostnaði við Sjálfbærni-verkefnið á Norðausturlandi og rekstur þess byggja á eftirfarandi þáttum.

- Kynning á verkefninu.
- Kostnaður við aðkeypt gögn.
- Gagnaöflun og úrvinnsla gagna.
- Vefsíða og rekstur vefsíðu.

ÁÆTLUN 2018													
Verkefnisvinna/umsjónaraðili	Jan	Feb	Mars	Apríl	Mái	Júní	Júlí	Ágúst	Sept	Okt	Nóv	Des	Samt.
<b>Vefsíða</b>													0
Skipulag og samstarf v/framsetningar	2	2	2	2	2	2		2	2	2	2	2	22
Innsetning efnis/fréttar	10	10	10	10	10	10		10	10	10	10	10	110
<b>Vöktun</b>													0
Þróun	3	3	3	3	3	3		3	3	3	3	3	33
Gagnaöflun	15	15	15	15	15	15		15	15	15	15	15	165
Úrvinnsla og framsetning gagna	23	23	23	23	22	22		22	22	22	22	22	246
<b>Almenn umsýsla og stjórnun</b>													0
Samráð, samskipti	4	4	4	4	4	4	4	4	4	4	4	4	48
Kynning verkefnis	10	10							15				35
Stýrihópsfundir			10							10			20
Ársfundur				7	7								0
<b>Áfangar</b>													0
Greinargerð vegna stöðu verkefnis						20						20	40
<b>Samtals umsjónaraðili tímar/mán</b>	<b>67</b>	<b>67</b>	<b>67</b>	<b>64</b>	<b>63</b>	<b>76</b>	<b>4</b>	<b>56</b>	<b>71</b>	<b>66</b>	<b>56</b>	<b>76</b>	<b>719</b>
<b>Umsjónaraðili uppsafnað</b>	<b>67</b>	<b>134</b>	<b>201</b>	<b>265</b>	<b>328</b>	<b>404</b>	<b>408</b>	<b>464</b>	<b>535</b>	<b>601</b>	<b>657</b>	<b>733</b>	
<b>Aðkeypt þjónusta*</b>													0
<b>Stýrihópur</b>													0
Ferðakostnaður-stýrihópur			15							15			30
Ferðakostnaður-verkefnisstjóri	10								10				20
<b>Aðkeypt rannsóknþjónusta</b>													0
Sérkeyrslur gagna vegna miðsvæðis	7	7	7	7	7	7	7	7	7	7	7	6	83
<b>Vefsíða</b>													0
Hönnun og önnur þjónusta	2	2	2	2	2	2	2	2	2	2	2	2	24
Vefumsjónarkerfi	2	2	1,4	1	1	1	1	1	1	1	1	1	14,4
<b>Samtals aðkeypt í mánuði</b>	<b>21</b>	<b>11</b>	<b>25,4</b>	<b>10</b>	<b>10</b>	<b>10</b>	<b>10</b>	<b>10</b>	<b>20</b>	<b>25</b>	<b>10</b>	<b>9</b>	<b>171,4</b>
<b>Aðkeypt þjónusta uppsafnað</b>	<b>21</b>	<b>32</b>	<b>57,4</b>	<b>67,4</b>	<b>77,4</b>	<b>87,4</b>	<b>97,4</b>	<b>107,4</b>	<b>127,4</b>	<b>152,4</b>	<b>162,4</b>	<b>171,4</b>	

## 5 SAMANTEKT

Við lok árs 2018 er gert ráð fyrir að eftirfarandi þáttum sem fjallað hefur verið um í 2. kafla verkefnisáætlunarinnar verði lokið:

- Kynning á verkefninu fyrir sveitarfélögum, samtökum sveitarfélaga, skólum og fræðasamfélagi.
- Heimasíðan verði fullmótuð og virk.
- Framsetning gagna verði komin í staðlað form sem hægt er að byggja á næstu árin.
- Haldnir hafi verið 2 stýrihópsfundir, annar á vormisseri og hinn á haustmisseri.
- Haldinn hafi verið fyrsti ársfundur verkefnisins.
- Gagna vegna ársins 2017 hafi verið aflað eftir því sem unnt er, unnið úr þeim og þau birt.
- Gerð hafi verið verkefnis- og kostnaðaráætlun vegna ársins 2019 og hún lögð fyrir stýrihóp og eigendur.